

Re: Beiðni um umsögn: tillaga að dsk hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi

Búið til	9.6.2023 12:20:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.6.2023 12:20:30
Tilheyrir	202304-0042 - Tillaga að dsk hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi

Efni

Re: Beiðni um umsögn: tillaga að dsk hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi

Upplýsingar	Vinnsla		
Sent	9.6.2023 12:20:30	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@stykkisholmur.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202304-0042.

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Stykkishólms, dags. 25. Apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Skipavík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið sem er fyrsta heildardeiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Skipavík. Eins og fram kemur liggur skipulagssvæðið að sjó þar sem gilda ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og er leitast við að samræma deiliskipulagstillögunum að markmiðum Verndaráætlunar Breiðafjarðar 2014-2019, en nýrri verndaráætlun er ekki til staðar. Náttúrufræðistofnun telur þetta vera forgangsatrúnað enda ljóst að aukin uppbygging hafnarstarfsemi getur leitt til aukins álags á lífríkis Skipavíkur. Tillagan felur þó ekki í sér neina skerðingu á verndarsvæðinu sem er jákvætt en fara þarf varlega við allar framkvæmdir og helst ætti að fylgjast vel með áhrifum athafna á svæðinu á lífríkið.

Gert er ráð fyrir nýbyggingum en allar eru þær í hæfilegri fjarlægð frá sjó og ekkert jarðrask verður á ósnortinni strandlengju. Svæði sem raskast vegna nýbygginga, bílastæða og annarra innviða er ekki ósnortið í dag og með lágt verndargildi. Stefnt er að úrbótum á fráveitukerfi sem er mikilvæg aðgerð að mati Náttúrufræðistofnunar.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við skipulagið.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúi" <skipulag@stykkiholmur.is>
To: "Breiðafjarðarnefnd" <breidafjordur@nsv.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <eftirlit@hev.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "mila@mila.is" <mila@mila.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn: tillaga að dsk hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi

Date: 25.4.2023 11:46:23

Góðan daginn,

Óskað er eftir umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi, sem nú er í auglýsingarferli. Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 9. júní 2023** á netfangið skipulag@stykkiholmur.is (<mailto:skipulag@stykkiholmur.is>).

Um deiliskipulagstillöguna:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti þann 18. apríl sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin var kynnt í desember sl. í samræmi við 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með vísan í 1. mgr. 36. gr. laganna. Tillaga á vinnslustigi var kynnt í mars sl. í samræmi við 4. mgr. 40. gr. laganna. Við vekjum athygli á að fallið hefur verið frá breytingu á aðalskipulagi sem kynnt var í skipulagslýsingunni þar sem tillagan í núverandi mynd kallar ekki lengur á slíka breytingu. Deiliskipulagsvæðið tekur til um 4,5 ha reits, sem í aðalskipulagi er að mestu skilgreindur sem hafnarsvæði. Helstu markmið deiliskipulagsins eru að skilgreina skynsamlega nýtingu núverandi innviða og framtíðarmöguleika til uppbyggingar á svæðinu. Auk skipulagsskilmála fyrir núverandi byggðar og óbyggðar lóðir eru settir fram skilmálar fyrir nýjar lóðir við Nesveg 25 og 14a. Á vinnslustigi tillögugerðarinnar voru lóðirnar Nesvegur 22a og 24 felldar utan deiliskipulagssvæðis vegna fyrirséðra áhrifa á aðliggjandi minja- og útivistarsvæði, sem til stendur að skipuleggja í kjölfar þessa deiliskipulags.

Deiliskipulagstillagan er hér í viðhengi. Hún er einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins:

<https://www.stykkiholmur.is/is/frettir/tillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik>

([https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBtIiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=F6wxb3rFKfjnQsJSzp2GwF981Ra%2B4WqGRQsEeBwUprw%3D&reserved=0))

[url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU)

Með kveðju,

Kristín Þorleifsdóttir

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi

Póstfang: Ráðhúsið, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Netfang: skipulag@stykkiholmur.is (<mailto:skipulag@stykkiholmur.is>)

Sími: 433 8100



(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU>)

[url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stykkiholmur.is%2Fis%2Ffrettir%2Ftillaga-ad-deiliskipulagi-hafnarsvaedis-vid-skipavik&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CU)

nknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=IAHp7vrSHjULry7NlMvctZttwEz5p3fCVyHsNQAd5YI%3D&reserved=0)



(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?>

url=http%3A%2F%2Fwww.nesvottun.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cd32c04ec3ace4361850308db4582903d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638180199824167948%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=As3%2F7FaQUMD6kn0xakieSfCzmYJMa8x931jWcvRcFXU%3D&reserved=0)